

53. Stjórnarfundur Nýheima 26. 8. 2015 kl. 8:00

Fundarstjórn: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Vala Garðarsdóttir

Forfölluð: Þorvarður Árnason og Vilhjálmur Magnússon

Efni:

- *HFN lagt fram til samþykkis að verkefnið fari í umsóknarferli*

Davíð greindi frá upplaggi og framgangi HFN verkefnisins og hvernig það er lagt upp af hálfu verkefnastjóra, Hugrúnar Hörpu Reynisdóttur. Davíð fór einnig yfir kostnaðarliði og framvindu kostnaðaráætlunar varðandi styrkumsóknir og annarrar fjármögnunar til handa verkefninu.

Rætt var um samfélagslegt mikilvægi þessa verkefnis og það að kynning á verkefninu út í samfélagið skiptir sköpum og þarf að gera áætlun þess eðlis áður en verkefninu verður hrint af stað. Einnig var rætt um þann möguleika að fá fleiri alþjóðalega samstarfaðila að verkefninu. Allir fundarmenn eru samþykki þessu verkefni. Stjórnin samþykkir aðild að verkefninu með þeim fyrirvara að fá það til umfjöllunar á síðari stigum.

Önnur mál

- Kristín vill minna á bréf frá stjórn NP til stjórnvalda vegna 8.greinar styrkúthlutunarreglna SASS um að opinberir aðilar eru síður styrkhæfir en aðrir. Stjórnin setur málið í hendur Davíðs Arnars að koma þessu máli frá.
- Ragnhildur nefndi þann möguleika að nýta miðrýmið í Nýheimum fyrir Þrykkjuna. Er um bráðabirgða ástand að ræða. Ragnhildur óskar eftir samvinnu allra aðila NP.
- Eyjólfur vildi minna á vísindaviku FAS í október og samstarf stofnana að NP að þeim viðburði.

Fundi slitið: 09.00



Eyjólfur Guðmundsson